

Nd.

292. Nefndarállt

um frumvarp til laga um mannanöfn.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Það er óhætt að fullyrða, að ákvæðin í lögum nr. 41 frá 1913 um upptöku ættarnafna hafa að vonum rýrt mjög virðingu fyrir þeim. Er því tími kominn til að afnema þau.

Rjett væri að afnema öll ættarnöfn með lögum, en af því að engin von er um, að það nái samþykki Alþingis í þetta sinn, verður að láta sjer nægja að banna að taka þau upp hjer eftir.

Er því lagt til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. 1. gr. falli niður.
2. 2. gr. verði 1. gr.
3. 3. og 4. gr. falli niður.
4. Við 5. gr.
 - a. Orðin »áður en lög þessi voru sett« falli niður.
 - b. Við greinina bætist: Skal það veitt ókeypis.
5. 6. gr. falli niður.
6. Við 7. gr.

Í stað orðanna »sektir allar — sýslum landsins« komi: renna í rikissjóð.

Alþingi, 4. apríl 1925.

Magnús Torfason,
form. og frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.